

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1871

2020/EES/5/48

frá 23. nóvember 2018

um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 („Карнобатска гроздова ракия“/„Гроздова ракия от Карнобат“/„Karnobatska grozdova rakya“/„Grozdova rakya ot Karnobat“ (GI)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ⁽¹⁾, einkum 8. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 tók framkvæmdastjórnin til athugunar umsókn Búlgaríu um skráningu á landfræðilegu merkingunni „Карнобатска гроздова ракия“/„Гроздова ракия от Карнобат“/„Karnobatska grozdova rakya“/„Grozdova rakya ot Karnobat“.
- 2) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽²⁾ eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Þar eð framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 ætti að skrá merkinguna „Карнобатска гроздова ракия“/„Гроздова ракия от Карнобат“/„Karnobatska grozdova rakya“/„Grozdova rakya ot Karnobat“ sem landfræðilega merkingu í III. viðauka við þá reglugerð.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er eftirfarandi færslu bætt við í vöruflokkinn „Brennt vín“:

„Brennt vín	„Карнобатска гроздова ракия“/„Гроздова ракия от Карнобат“/„Karnobatska grozdova rakya“/„Grozdova rakya ot Karnobat“	Búlgaría“
-------------	---	-----------

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 306, 30.11.2018, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB C 296, 7.9.2017, bls. 23.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Phil HOGAN

framkvæmdastjóri.
